

Undanþágunefnd framhaldsskóla

**Skýrsla um starf nefndarinnar
skólaárin 2004-2005 og 2005-2006**

Maí 2007

Inngangur	3
1. Starf undanþágunefndar framhaldsskóla	4
2. Umsóknir um undanþágur og afgreiðslur	4
2.1 Nokkrar niðurstöður skólaáranna 2004-2005 og 2005-2006.....	4
2.2 Sex stunda reglan.....	6
2.3 Synjanir.....	6
2.4 Undanþágur eftir kennslugreinum	6
2.5 Heildarfjöldi umsókna 1998-2006.....	7
3. Álitafni og starfshættir	8
3.1 Ráðning leiðbeinenda á kostnað réttindakennara	8
3.2 Greinabundin leyfisbréf.....	8
4. Lokaorð.....	9

Inngangur

Skýrsla þessi er samantekt á starfi undanþágunefndar framhaldsskóla skólaárin 2004-2005 og 2005-2006.

Undanþágunefnd framhaldsskóla starfar í samræmi við ákvæði eftirtalinna laga og reglugerða: Framhaldsskólalaga nr. 80/1996, laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra nr. 86/1998. Þá þarf nefndin í starfi sínu að taka mið af ákvæðum stjórnslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalaga nr. 50/1996 ásamt áorðnum breytingum (lög nr. 83/2000).

Um starfsvið nefndarinnar er fjallað í reglugerð um lögverndun á starfsheiti framhaldsskólakennara nr. 694/1998 og reglugerð um undanþágunefnd framhaldsskóla nr. 699/1998.

Í lögum nr. 80/1996 segir m.a. : „Hafi umsækjandi um stöðu kennara ekki réttindi til kennslu við framhaldsskóla skal fara með umsókn hans skv. ákvæðum laga nr. 48/1996 (nú 86/1998) um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra”.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir starfi nefndarinnar, umsóknum um heimild til tímabundinnar ráðningar og afgreiðslum nefndarinnar á þeim vegna skólaáranna 2004-2005 og 2005-2006. Þá er gerður samanburður á tölum sem liggja fyrir um afgreiðslur nefndarinnar frá árinu 1998.

Reykjavík 17. maí 2007

F.h. undanþágunefndar framhaldsskóla,

Sigr. Lára Ásbergdóttir formaður

1. Starf undanþágunefndar framhaldsskóla

Frá árinu 2003 hefur Undanþágunefnd framhaldsskóla verið þannig skipuð: Sigr. Lára Ásbergisdóttir, formaður, Sigurður Ingi Andr sson, tilnefndur af Kennarasambandi  slands og Sigurl na Dav sd ttir, tilnefnd af H sk la  slands. Þ rir  lafsson er varaforma ur nefndarinnar og starfandi forma ur   t mabilinu jan ar 2005 til febr ar 2006   me an Sigr. Lára var   barneignarleyfi.

Nefndin h lt alls 6 fundi vegna sk la rsins 2004-2005 og 7 fundi vegna sk la rsins 2005-2006. Fundum hefur fari  f kkandi undanfarin  r og er það   samr emi vi  f kkun ums kna eins og s  ar ver ur viki   . P  er einnig hluti ums kna afgreiddur   t lvusamskiptum milli nefndarmanna. Flestar ums knir um undanþ gur fr  sk lunum berast undanþ gunefnd fr  mi jum j n m nu i inn   mi jan j l m nu .

  vord gum 2004 og 2005 sendi undanþ gunefnd framhaldssk la br f til allra sk lameistara me  uppl singum og  bendingum um fr gang ums kna svo afgrei a megi þ r me  sem skj tustum h tti.   heimas  u menntam lar duneytisins er   finna nau synlegar uppl singar um hvernig standa skuli   kennarar dningum svo og uppl singar um st rf undanþ gunefnd framhaldssk la og ums knarey ubla  fyrir undanþ gur.

Afgrei slur nefndarinnar eru skr  ar   gagnagrunn.  llum erindum sem berast til nefndarinnar er svara  skriflega  mist me  sta festingu   afgrei slu nefndarinnar   ums knarey ubla i fr  sk lunum e a s rst ku br fi. Forma ur s r um   rita þ u br f sem send eru til sk lameistara vegna ums kna þeirra og haldi  er til haga afriti allra  tsendra br fa.

2. Ums knir um undanþ gur og afgrei slur

  9. gr. regluger ar nr. 699/1998 segir   nefndin skuli  rlega senda menntam lar dherra og þeim sem tilnefna fulltr a   nefndina sk rslu um starfsemi s na   li nu almanaks ri. Ums knir um undanþ gur og heimildir undanþ gunefndar mi ast hins vegar oftast vi  það   sk lameistara er heimilt   r  a til kennslu s rfr  ing tilteki  sk la r e a  nn. Allar skr ningar   gagnagrunn r duneytisins mi ast einnig vi  heilt sk la r e a  nn. P  er sk la ri  grundvallareiningin   starfst ma sk lanna hva  var ar kennarar dningar og fleira. P v  er um margt e lilegt   mi a vi  sk la ri  til   gl ggva sig   þr un m la   framhaldssk lunum fr  einum t ma til annars.   þessari sk rslu eru þ v  birtar uppl singar um st rf undanþ gunefndar framhaldssk la vegna sk la ranna 2004-2005 og 2005-2006 og þ r bornar saman vi  samb rilegar uppl singar sk la ranna þ r   undan. Þa  gefur nokku  sk ra mynd af st  u m laflokksins og þr un hans undanfarin  r.

2.1 Nokkrar ni urst  ur sk la ranna 2004-2005 og 2005-2006

Sk la ri  2004-2005 b rust nefndinni ums knir um undanþ gur fyrir 140 lei beinendur sem kenna  ttu 119 st  ugildi (m.v. 24 kennslustundir   viku). Sk la ri  2005-2006 reyndust ums knirnar nokkru f rri e a fyrir 96 lei beinendur sem skyldu kenna 87 st  ugildi.   um 20% tilvika er s tt um undanþ gu   fleiri en einni kennslugrein fyrir hvern lei beinanda þannig   ums knir taldar   greinum eru fleiri en einstaklingarnir.

Í meðfylgjandi töflu sést hvernig umsóknir skiptast á framhaldsskóla, þegar búið er að breyta þeim í stöðugildi:

Tafla 1: Umsóknir frá einstökum framhaldsskólum

Nafn skóla	Stöðugildi 2005-6	Stöðugildi 2004-5	Stöðugildi 2003-4
Borgarholtsskóli	0,0	6,0	13,4
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	4,9	2,9	4,5
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	3,7	2,5	0,0
Fjölbrautaskóli Suðurlands	2,1	4,9	12,9
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	11,4	16,3	15,2
Fjölbrautaskóli Vesturlands	4,0	4,5	12,7
Fjölbrautaskólinn í Ármúla	1,0	3,0	6,4
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	0,0	0,0	1,3
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	1,7	0,5	1,0
Fjöltækniskóli Íslands	5,7	-	-
Flensborgarskólinn	0,0	0,75	2,5
Framhaldsskólinn á Húsavík	0,0	3,5	5,5
Framhaldsskólinn á Laugum	0,5	0,7	2,6
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	2,0	1,75	4,5
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	7,1	7,3	7,9
Iðnskólinn í Hafnarfirði	11,5	13,1	14,6
Iðnskólinn í Reykavík	12,0	18,0	24,2
Menntaskólinn að Laugarvatni	0,5	2,1	3,3
Menntaskólinn á Akureyri	3,5	4,4	0,0
Menntaskólinn á Egilsstöðum	0,7	3,2	5,0
Menntaskólinn á Ísafirði	6,5	7,0	8,8
Menntaskólinn á Reykjavík	1,7	3,3	7,3
Menntaskólinn í Kópavogi	4,0	2,0	2,8
Menntaskólinn við Hamrahlíð	1,0	0,0	0,0
Menntaskólinn við Sund	0,0	1,0	3,0
Snyrtiskóli Íslands	-	-	1,8
Verkmenntaskóli Austurlands	0,5	1,8	5,7
Verkmenntaskólinn á Akureyri	1,0	2,5	6,0
Vélskóli Íslands	-	6,0	1,8
Alls	87	119	175

Ekki er auðvelt að draga fram skýrt mynstur af þeim tölum sem taflan sýnir. Þó er áberandi að ekki er mikið um stórar sveiflur milli ára hjá einstökum skólum og að í flestum tilvikum fækkar umsóknum milli ára. Skólar með starfsnám sækja almennt um fleiri undanþágur en skólar af sambærilegri stærð og staðsetningu sem eingöngu eru með bóklegt nám í boði. Kvinnaskólinn í Reykjavík er ekki í töflunni þar sem engin umsókn um undanþágur barst frá honum umrædd ár. Sama á við um tvo einkarekna framhaldsskóla, Verzlunarskóla Íslands og Menntaskólann Hraðbraut. Einn einkaskóli, Snyrtiskóli Íslands (hætti störfum í byrjun árs 2003) sést í töflunni en hann starfar með viðurkenningu frá menntamálaráðuneytinu og fellur því undir lög um lögverndun á starfsheiti kennara. Annar einkaskóli, Snyrtiskólinn (í Kópavogi) er ekki í töflunni þar sem engin umsókn barst frá honum umrædd ár en hann starfar einnig með viðurkenningu frá

menntamálaráðuneytinu og fellur þar af leiðandi undir lögverndun á starfsheiti kennara.

2.2 Sex stunda reglan

Þegar skoðaðar eru tölur yfir fjölda mála sem berast undanþágunefnd verður að hafa í huga að framhaldsskólum er heimilt í vissum tilvikum að ráða leiðbeinendur án þess að leita samþykkis undanþágunefndar framhaldsskóla. Skólameisturum er ekki skylt að leita til nefndarinnar vilji þeir ráða sérfræðing til kennslu í allt að 6 stundir á viku. Nefndin hefur ekki yfirsýn yfir hve algengt er að skólar nýti þessa reglu og koma þau tilvik því ekki inn í tölfræði þessarar skýrslu.

2.3 Synjanir

Undanþágunefnd framhaldsskóla samþykkir umsókn um undanþágur frá framhaldsskólum þegar réttilega hefur verið staðið að auglýsingum, ekki liggja fyrir umsóknir frá réttindakennurum og ef leiðbeinandi uppfyllir skilyrði um menntun. Í reglugerð um undanþágunefnd framhaldsskóla segir að heimild nefndarinnar til að veita undanþágur skuli bundin því skilyrði að viðkomandi starfsmaður hafi sérmenntun í auglýstri kennslugrein. Nefndin hefur komið sér upp ákveðnum viðmiðunum um hvað skuli teljast sérmenntun. Fyrir kemur að skólar sækji um undanþágur fyrir leiðbeinendur sem ekki hafa sérmenntun í kennslugrein að mati nefndarinnar. Þannig hafnaði nefndin umsóknum fyrir skólaárið 2004-5 sem jafna má til um 10 stöðugilda og um 3,7 stöðugilda árið 2005-6. Hlutfall synjaðra umsókna var því 8,5% skólaárið 2004-5 og 4% skólaárið 2005-6. Meðaltal árána 1999-2003 var 10%. Líklegt er að synjunum fækki hlutfallslega í samræmi við fækkun umsókna.

2.4 Undanþágur eftir kennslugreinum

Skólameistarar sækja um undanþágur fyrir leiðbeinendur í tilteknum kennslugreinum. Í umsókn kemur fram hve margar vikustundir ráðgert er að leiðbeinandi kenni. Oft er sótt um undanþágur fyrir sama einstakling í fleiri en einni grein eins og fyrr sagði. Í meðfylgjandi töflu 2 sést hvernig umsóknir um undanþágur skiptast eftir greinum.

Tafla 2: Umsóknir flokkaðar eftir kennslugreinum

Flokkur námsgreina	2005-6	2004-5	2003-4
Íslenska og tjáning	3	8	6
Erlend tungumál	15	14	12
Stærðfræði	15	21	28
Náttúrufræðigreinar	15	14	19
Samfélagsgreinar	5	10	8
Viðskiptagreinar og ritvinnsla	5	3	7
Tölvufræði og upplýsingatækni	13	16	13
Sérkennsla	3	8	7
Listgreinar	4	5	5
Starfsnám	41	54	65
Lífsleikni	2	5	0
Alls	121	158	170

Í töflu 2 sést að langflestar umsóknir berast nefndinni vegna kennslu í starfsnámi. Þar er bæði um að ræða kennslu í löggiltum iðngreinum og öðru starfsnámi. Sérstaða þessara greina er talsverð. Oft þarf þar að sækja sérfræðinga með litlum fyrirvara vegna breytinga á tækni og þróunar í atvinnulífinu. Þá eru tengsl við kennslu og þar með kennaramenntun oft ónærtækari í þessum greinum en hinum fræðilegri greinum.

Af töflunni má einnig ráða að staðan er mjög ólík frá einum greinaflokki til annars. Til að mynda eru fáar umsóknir vegna íslensku og samfélagsgreina þó báðar séu mjög stórar í framhaldsskólanum. Erfiðara er að manna stærðfræði, erlend tungumál og náttúrufræði með réttindafólki. Þá eru talsvert margar undanþágur veittar í tölvufræði og upplýsingatækni.

2.5 Heildarfjöldi umsókna 1998-2006


Í töflu 3 má sjá fjölda umsókna um undanþágur á tímabilinu 1998-2006. Enn er miðað við skólaár.

Tafla 3: Fjöldi umsókna um undanþágur 1998-2004

Skólaár	Einstaklingar	Fækkun í % milli ára	Stöðugildi
1998-1999	291		237
1999-2000	267	- 7,9	222
2000-2001	238	- 10,8	231
2001-2002	229	- 10,9	211
2002-2003	197	- 14,0	175
2003-2004	169	- 14,2	153
2004-2005	131	- 22,4	119
2005-2006	95	- 27,5	87
Meðaltal	202	- 15,4%	179

Lesi má úr töflu 3 að skólaárið 2004-5 var sótt um undanþágur fyrir 131 einstaklinga eða 119 stöðugildi. Á skólaárinu 2005-6 voru umsóknir hins vegar 95 og stöðugildin 87. Séu tölur síðustu tveggja ára bornar saman við eldri tölur sést ljóslega mikil fækkun. Frá árinu 1998 hefur umsóknum fækkað úr 291 í 95 árið 2005-6 sé miðað við einstaklinga og úr 237 í 87 sé miðað við stöðugildi. Þessi fækkun umsókna er stöðug yfir það langt tímabil að hún bendir til varanlegrar fækkunar undanþágubeiðna. Hvað sem veldur virðist nú vera mun auðveldara fyrir íslenska framhaldsskóla að fá vel menntaða kennara en var fyrir tiltölulega fáum árum síðan.

Á heildina litið hefur umsóknum fækkað eins og áður hefur komið fram. Á eftirfarandi mynd má sjá hvernig fækkun umsókna skiptist eftir kynjum. Fækkun milli einstakra ára í umsóknum er taka til karla er jöfn, frá 10% til 18%, ef frá er talið milli tveggja síðustu skólaára en þá nam fækkunin 26%. Hvað umsóknir er taka til kvenna varðar þá er breyting milli ára misjafnari, lítil breyting er fyrstu árin en frá skólaárinu 2003-2004 hefur þeim fækkað ört eða sem nemur um 30%.



3. Álitæfni og starfshættir

3.1 Ráðning leiðbeinenda á kostnað réttindakennara

Helstu álitæfni í starfi nefndarinnar koma upp þegar skólameistarar óska eftir að fá að ráða leiðbeinendur þótt umsóknir frá réttindakennurum liggi fyrir. Lög gera ráð fyrir því að undanþágunefnd framhaldsskóla geti samþykkt þess konar umsóknir að vissum skilyrðum uppfylltum. Í slíkum tilvikum greinir nefndin réttindakennurinum frá beiðni skólameistara og gefur þeim kost á að tjá sig um málið, veitir þeim andmælarétt eins og stjórnslög kveða á um. Nefndin sendi frá sér slík erindi skólaárið 2004-5 vegna 9 einstaklinga. Málin snertu 6 framhaldsskóla. Í 3 tilvikum gerðu réttindakennararnir athugasemdir við rök skólanna en féllst nefndin ekki á andmæli þeirra. Skólaárið 2005-6 vörðuðu málin 8 einstaklinga og tengdust 5 framhaldsskólum. Í 3 tilvikum nýttu réttindakennararnir sér andmælaréttinn og í einu tilviki féllst nefndin á andmælin og synjaði skólanum um undanþágu. Fjöldi þessara mála hefur verið sveiflukenndur sé litið yfir lengri veg.

3.2 Greinabundin leyfisbréf

Frá árinu 1998 hefur í leyfisbréfum framhaldsskólakennara verið tiltekið hvaða grein eða svið lögverndunin taki til. Eldri leyfisbréf eru ógreinabundin eða opin að þessu leyti. Undanþágunefnd hefur mótað sér þá starfsreglu að láta grein ráða því hvort andmælaréttur skuli veittur þegar sótt er um undanþágu fyrir leiðbeinanda þrátt fyrir fyrirliggjandi umsókn réttindakennara. Sæki framhaldsskólakennari með réttindi til að kenna náttúrufræði telur undanþágunefnd það ekki veita forgang til kennslu í stærðfræði umfram umsækjanda með menntun í stærðfræði en án kennsluréttinda. Nefndin hefur hins vegar haldið sig við að veita réttindakennurum með opin leyfisbréf andmælarétt í fyrrgreindum tilvikum þótt það geti vissulega talist álitamál hvort slíkt beri að gera.

4. Lokaorð

Störf undanþágunefndar voru að mestu í föstum skorðum á þeim tíma sem skýrsla þessi tekur til. Samskiptin við framhaldsskólana hafa almennt verið jákvæð og greið. Nefndin leggur áherslu á að afgangur umsóknir skólanna fljótlega eftir að þær berast. Hverfandi er að formgallar séu á umsóknum og auglýsingaskýlda er undantekningarlítið rækt af þryði.

Lög um lögverndun á starfsheiti framhaldsskólakennara hafa nú verið í gildi frá árinu 1986 eða í rúmlega tvo áratugi. Af tölum í skýrslu þessari má sjá að undanþágubeiðnum frá framhaldsskólum hefur farið hratt fækkandi á síðustu árum. Það er til marks um að auðveldara er fyrir skólana að ráða til sín vel menntaða kennara en áður var. Erfitt er að fullyrða um þátt lögverndunarlaganna í þessari þróun en vafalítið hafa þau haft þar umtalsverða þýðingu.